

Samningur um váttryggingaviðskipti

SJÓVÁ

Heiti samningsaðila

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

í samningi þessum nefnt váttryggingartaki og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, í samningi þessum nefnt Sjóvá, gera hér með sér eftirfarandi samning:

1. gr. Gildissvið

Frá og með gildistökudegi samningsins þann _____ veitir Sjóvá váttryggingartaka váttryggingavernd fyrir rekstur hans í samræmi við tilboð frá _____ með þeim breytingum sem samningsaðilar kunna að verða ásáttir um að gera á váttryggingaverndinni frá og með gildistökudeginum.

Samningur þessi tekur til allra váttrygginga, sem váttryggingartaki hefur í gildi hjá Sjóvá á samningstímanum.

2. gr. Váttryggingavernd

Váttryggingavernd Sjóvá ákvarðast af þeim váttryggingarsamningum sem eru í gildi á hverjum tíma. Hver „váttryggingarsamningur“ samanstendur af: a) váttryggingarskírteini og þeim séráritunum sem á því er að finna, b) efnisskilmála hversrar váttryggingar og c) almennum skilmálum félagsins.

Nánari lýsing váttryggðra hagsmuna, váttryggingafjárhæðir og iðgjöld koma fram í váttryggingarsamningi sem og takmarkanir á vernd váttrygginga. Túlka skal samning þennan til samræmis við váttryggingasamninga milli samningsaðila en ef misræmi er skulu ákvæði váttryggingarsamnings gilda framar ákvæðum samnings þessa.

Þegar um hópváttryggingar er að ræða gildir einnig sérstakur samningur eða samningsviðauki þar um í samræmi við lög.

3. gr. Endurnýjun og samningskjör

Samningur þessi er gerður til _____ en váttryggingar þær sem samningur þessi tekur til koma árlega til endurnýjunar og fara aðilar þá í sameiningu yfir samningsgrundvöll og hvort tilefni sé til breytinga.

Ekki síðar en 90 dögum fyrir gjalddaga skulu viðræður samningsaðila um endurnýjun hefjast. Sjóvá skal í viðræðunum leggja fyrir váttryggingartaka tölulegar upplýsingar í samræmi við vinnureglur Sjóvá hverju sinni og skal við framsetningu upplýsinga sérstaklega gætt sjónarmiða um þagnarskyldu og persónuvernd.

Verði almennar iðgjalda- og/eða skilmálabreytingar á váttryggingarárinu á íslenskum markaði í einstökum váttryggingagreinum, áskilur Sjóvá sér rétt til að fara fram á endurskoðun á iðgjalds- og samningsgrundvelli á samningstímanum. Jafnframt áskilur Sjóvá sér rétt til að fara fram á endurskoðun á iðgjalds- og samningsgrundvelli vegna lagabreytinga, breytinga á kjörum félagsins vegna erlendra endurtrygginga svo og vegna tjónareynslu í einstökum váttryggingagreinum á samningstímanum.

Fari Sjóvá fram á slíka endurskoðun skal váttryggingartaka gerð grein fyrir þeim breytingum við upphaf viðræðna vegna endurnýjunar. Nái aðilar ekki saman um breytt samningskjör í endurnýjunarferli getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp í samræmi við 11. gr. samnings þessa. Þannig fellur samningurinn úr gildi við næstu endurnýjun þrátt fyrir skilgreindan samningstíma.

Sjóvá mun kappkosta að kjör þeirra váttrygginga sem samningur þessi tekur til verði þau hagstæðustu hverju sinni. Um kjör váttryggingartaka skv. samningi þessum vísast að öðru leyti til viðauka nr. _____ við samning þennan.

Samningur um váttryggingaviðskipti

SJÓVÁ

4. gr. Vísitölubinding

Váttryggingafjárhæðir, eigin áhættur og iðgjöld taka breytingum samkvæmt vísitöluákvæðum gildandi skilmála eða laga eftir því sem við á. Grunnvísitölur miðast við vísitölustig tilgreindra vísitalna í viðkomandi skilmálum eða skirteinum.

5. gr. Forvarnir

Óski váttryggingartaki eftir því mun Sjóvá leggja til sérþekkingu í tengslum við forvarnir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og draga úr líkum á tjónum. Munu báðir aðilar leggja til nauðsynleg gögn og starfskrafta til að tryggja frekari framgang og árangur fræðslu á þessu sviði fyrir starfsfólk váttryggingataka.

6. gr. Tengiliðir

Til að tryggja svo sem framast er unnt framgang samnings þessa eru eftirfarandi aðilar tilnefndir sem tengiliðir:

F.h. Sjóvá _____ (nafn og starfstíttill)

F.h. váttryggingartaka: _____ (nafn og starfstíttill)

Tilkynna skal gagnaðila ef breyting verður á skilgreindum tengiliðum á samningstímanum.

7. gr. Gjaldldagi, greiðsluskilmálar, vanskil, riftun o.fl.

Árlegur aðalgjaldldagi þeirra váttrygginga sem samningur þessi nær til er _____ ár hvert.

Greiðsluskilmálar iðgjalda eru þeir að iðgjöld skulu greidd að fullu innan _____, mánaðarlegum greiðslum. _____ . Gjaldldagi iðgjaldagreiðslna er _____ og eindagi er _____ dögum eftir gjaldldaga. Dráttarvextir reiknast frá mánaðarlegum gjaldldaga iðgjaldagreiðslna ef ekki er greitt á eindaga.

Sjóvá er í samstarfi við innheimtufyrirtæki sem annast innheimtu á viðskiptakröfum komi til vanskila á umsömdum afborgunum. Váttryggingartaki ber allan kostnað af slíkri innheimtu.

Vangoldin iðgjöld eru innheimt óháð afgreiðslu hugsanlegra tjónabóta, þ.e. ekki er veittur iðgjaldsfrestur þótt váttryggingartaki kunni að eiga rétt á eða eigi von á tjónabótum. Kjósi váttryggingartaki að nota greiddar tjónabætur til greiðslu iðgjaldaskuldar er það samkomulagsatriði hverju sinni.

Verði vanskil áskilur Sjóvá sér rétt til að halda eftir tjónabótum til skuldajöfnunar við vangoldin iðgjöld eða aðrar skuldir, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum þegar þriðji aðili á rétt til bótagreiðslunnar.

Bregðist váttryggingartaki ekki við innheimtuaðgerðum á iðgjaldinu í heild eða einstökum afborgunum þess er honum send lokaviðvörðun þar sem gefinn er 14 daga frestur til að bregðast við vanskilum.

Bregðist váttryggingartaki ekki við lokaviðvörðun innan tilskilins frests falla allar ógreiddar afborganir iðgjaldsins þegar í gjaldldaga og áskilur Sjóvá sér rétt til að rifta samningi þessum, fella allar váttryggingar váttryggingartaka úr gildi og senda kröfur í lögfræðilega innheimtu.

Samningur um váttryggingaviðskipti

SJÓVÁ

8. gr. Réttindi og skyldur

Sjóvá áskilur sér rétt til áhættuskoðunar á fasteign eða lausafé hvenær sem er fyrir töku tryggingar, við endurnýjun hennar eða á váttryggingatímanum. Sama gildir um áhættuskoðanir á starfsemi hins váttryggða vegna ábyrgðartrygginga og trygginga á rekstraráhættu. Sjóvá er heimilt að gefa sérstök fyrirmæli um úrbætur eða meðferð hins váttryggða hvenær sem er á váttryggingartímanum í þeim tilgangi að draga úr tjónshættu. Við endurnýjun er Sjóvá heimilt að takmarka váttryggingarvernd, setja sérstaka varúðarreglu um meðferð hins váttryggða á grundvelli áhættuskoðunar eða taka tillit til hennar við ákvörðun iðgjalds. Bregðist váttryggingartaki ekki við áskorun um úrbætur innan hæfilegs tíma eða hlíti ekki sérstökum fyrirmælum um meðferð hins váttryggða er Sjóvá heimilt að grípa til uppsagnar váttryggingar eða skerðingar á bótarétti.

Váttryggingartaka ber að afhenda Sjóvá án tafar gögn og upplýsingar sem óskað er eftir um tiltekin atvik sem og fyrir endurnýjun til að unnt sé að leggja mat á atvik og áhættu. Neiti váttryggingartaki að afhenda umbeðin gögn eða dragist það úr hófi af hans hálfu er Sjóvá heimilt að hafna eða takmarka ábyrgð á þeim atvikum eða segja upp/slíta tryggingum váttryggingartaka í samræmi við ákvæði laga.

Váttryggingartaki skal sjá til þess að rannsókn fari fram í öllum tilvikum eins fljótt og auðið er verði slys á athafnasvæði váttryggingartaka eða að öðru leyti í tengslum við starfsemi hans. Sé um vinnuslys að ræða, sem er til þess fallið að valda fjarveru hins slasaða frá vinnu, skal váttryggingartaki tafarlaust og áður en vettvangi er raskað tilkynna lögreglu og vinnueftirliti um slysið. Sé framanritaðri varúðarreglu skilmála ábyrgðartryggingar atvinnureksturs ekki fylgt af hálfu váttryggingartaka er Sjóvá heimilt til að hafna ábyrgð í heild eða að hluta.

Sjóvá er heimilt að sækja upplýsingar varðandi fjárhag og lánstraust váttryggingartaka í gagnagrunn fyrirtækis sem er heimilt að safna og miðla slíkum upplýsingum skv. leyfi Persónuverndar (s.s. Creditinfo), í þeim tilgangi að leggja mat á fjárhagslega áhættu viðskiptanna.

Váttryggingartaki leitast við að eiga öll váttryggingaviðskipti sín við Sjóvá á samningstímanum.

9. Tjónareynsla og ágóðahlutdeild

Verði tjónareynsla allra váttrygginga á _____ undir ____% af heildariðgjöldum fyrir sama tímabil endurgreiðir Sjóvá ágóðahlutdeild sem nemur ____% af þeim mismun sem verða kann á milli ____% greiddra iðgjalda og greiddra og ógreiddra tjóna á _____.

Verði samtala greiddra og ógreiddra tjóna á _____ hærri en ____% af heildariðgjöldum kemur sá mismunur til frádráttar við útreikning á ágóðahlutdeild árið á eftir. Til að tryggja að sem réttust niðurstaða fáið við útreikning á ágóðahlutdeildinni greiðist hún í lok desember næsta árs og er útgreiðsla háð því að samningur um áframhaldandi viðskipti hafi náðst.

Samhliða uppgjöri á ágóðahlutdeild skal Sjóvá leggja fyrir váttryggingataka tölulegar upplýsingar um afkomu einstakra váttryggingartegunda, sbr. upplýsingar um upplýsingagjöf í 3. gr. samnings þessa. Þrátt fyrir framangreint reiknast ekki ágóðahlutdeild af váttryggingum sem endurtryggðar eru með sérstökum beinum endurtryggingasamningum.

Fari tjónahlutfallið yfir ____% áskilur Sjóvá sér rétt til að endurskoða samningsgrundvöll og endursemja um iðgjöld.

Samningur um váttryggingaviðskipti

SJÓVÁ

10. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu halda fullum trúnaði um hvers konar gögn og upplýsingar frá gagnaðila og skulu á engan hátt færa sér slíkar upplýsingar í nyt nema í samræmi við ákvæði samnings þessa, á gildistíma þess. Samningsaðilar skulu varðveita trúnaðarupplýsingar frá gagnaðila með jafn öruggum hætti og þeirra eigin trúnaðarmál, en þó aldrei verr en eðlilegt getur talist. Trúnaðarskylda starfsmanna samningsaðila skal haldast eftir að þeir hafa lokið störfum í þágu samningsaðila.

11. gr. Gildistími og endurnýjun/uppsögn

Samningur þessi gildir til _____, nema samningnum hafi áður verið rift, sagt upp eða hann fallið úr gildi samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða ákvæðum laga.

Kjósi Sjóvá að endurnýja ekki samninginn skal tilkynna váttryggingartaka um það í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir lok váttryggingartímabils. Kjósi váttryggingartaki að endurnýja ekki samninginn skal tilkynning berast Sjóvá eigi síðar en einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabils. Að öðrum kosti framlengist váttryggingartímabilið um eitt ár í senn, að því tilskildu að Sjóvá hafi öll nauðsynleg gögn með höndum frá váttryggingartaka til að unnt sé að framlengja samninginn.

12. gr. Gildandi lög og úrlausn ágreiningsmála

Um samning þennan gilda íslensk lög og réttarreglur.

Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, með síðari breytingum, gilda um þau atriði sem ekki er öðruvísi mælt fyrir í samningi þessum.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samningsins skulu aðilar leitast við að leysa hann með samkomulagi sín á milli. Náist slíkt samkomulag ekki er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila.

Fylgiskjöl með samningi þessum teljast hluti hans.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn beggja samningsaðila nöfn sín hér að neðan og teljast þeir jafnframt ábyrgðarmenn samnings þessa.

Reykjavík, _____

F.h. váttryggingartaka

F.h. Sjóvá

(nafn og kennitala)

(nafn og kennitala)

(nafn og kennitala)

(nafn og kennitala)